

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 162/2023

2023/EES/87/19

frá 13. júní 2023

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/62 frá 5. janúar 2023 um leiðréttingu á pólsku tungumálaútgáfunni af reglugerð (ESB) nr. 1300/2014 um tækniforskriftir um rekstrarsamhæfi að því er varðar aðgengi fatlaðs fólks og hreyfihlaðs fólks að járnbrautarkerfi í Sambandinu ⁽¹⁾.
- 2) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við á eftir lið 37ma (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 1300/2014) í XIII. viðauka við EES-samninginn:

„– **32023 R 0062**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/62 frá 5. janúar 2023 (Stjtið. ESB L 5, 6.1.2023, bls. 31).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2023/62, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 14. júní 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 13. júní 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

(¹) Stjtið. ESB L 5, 6.1.2023, bls. 31.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.